

Mál nr. 341/2010

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 2.7.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 28.10.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.11.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M fór upp á loft yfir sýningarglugga í húsnæði verslunarinnar A í Kópavogi. Loftið var gert úr gifsplötum og brotnaði ein þeirra undan M. M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítala. Í læknaþréfi frá sjúkrahúsinu segir að M hafi verið „að þríla upp á millilofti og dettur niður 3½ m og lendir á bakinu og fær ryksugu í andlitið.“ Greindist hann með tognun og ofreynslu á axlarlið, hendi og brjósthrygg.

Þegar slysið varð var M við störf hjá byggingarfélaginu V. Í bréfi lögmanns M, dags. 8.7.2010, til ábyrgðartryggjanda V, vátryggingafélagsins X, er tildrögum slyssins lýst á þann veg að verkstjóri M hafi sent hann upp á loftið til að lagfæra hlut, eitthvað tengdum ljósum eða einhverju sem gekk niður úr loftinu. Í svari V við nánar tilgreindum spurningum frá X kemur fram að ekki hafi verið um neitt verk að ræða uppi á loftinu. M hafi hins vegar tjáð fyrirsvarsmanni V að hann hafi verið að sækja ryksugu. Í málskoti er vikið að því að M hafi verið að sækja ryksugu eins og haft er eftir fyrirsvarsmanni V auk þess að lagfæra áðurgreindan hlut. Mun M hafa farið upp stiga sem liggur upp á eins konar milliloft sem er á hægri hönd við stigauppgönguna, en loftið yfir sýningarglugganum var á vinstri hönd. Þurfti M að fara yfir handrið á stiganum til að komast út á loftið.

M kveður verkstjóra eða annan samverkamann hafa sagt sér að framkvæma umrætt verk. Hann hafi verið nýr í starfi og ekki fengið leiðbeiningar um það hvernig hann ætti að standa að verki. Hann hafi ekki verið aðvaraður um að loftið væri ekki mannhelt. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins (VER) og beri V því alla sönnunarbyrði um það sem óljóst kann að vera. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin skýrsla liggur fyrir í málinu af M um slysið og tildrög þess, né heldur af verkstjóra, samstarfsmönnum M eða öðrum sem hugsanlega gætu borið um málsatvik. Slíkra gagna hefði mátt afla þótt slysið hafi ekki verið rannsakað af VER. Einu beinu upplýsingarnar um atvikið er að finna í skriflegum svörum V við tilteknum spurningum frá X. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu telst ekki sannað að slysið verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á.

Engin haldbær gögn liggja fyrir um það að M hafi verið óvinnufær í kjölfar slyssins. Af læknaþréfi slysa- og bráðadeild Landspítala verður ekki ráðið að M hafi verið óvinnufær af völdum slyssins. Fyrir liggur læknisvottorð B læknis. Þótt þar sé haft eftir M að hann hafi tekið „vikupásu“ eftir slysið felst í því engin sönnun um óvinnufærni M. Af hálfu V er því haldið fram að M hafi komið aftur til starfa strax að lokinni skoðun á slyssadeildinni. Samkvæmt þessu verður ekki séð að slysið hafi verið tilkynningarskylt samkvæmt fyrirmælum 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Verður sönnunarbyrði því ekki snúið við um atriði sem teljast óupplýst þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt VER.

Að framangreindu virtu telst M ekki eiga rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 7. desember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.